

**Nd. 517. Frumvarp til laga [192. mál]**

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán til byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, allt að 30 millj. kr. samtals, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þó ekki meira en 60% af kostnaðarverði framkvæmda á hverjum stað, gegn þeim tryggingum, sem ríkisstjórnin metur gildar.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Á síðast liðnu ári hafði ríkisstjórnin forgöngu um að kanna fyrirætlanir og ráðagerðir um byggingar dráttarbrauta og skipasmíðastöðva.

Eins og kunnugt er, hefur hinn mikli vöxtur fiskiskipaflotans undanfarin ár leitt til þess, að stækka verður til mikilla muna þær dráttarbrautir, sem fyrir eru í landinu, til þess að geta sinnt viðgerðarþjónustu á fullnægjandi hátt.

Þá leikur ýmsum hugur á að efna til stálskipasmíða innanlands, í stórum stíl, svo Íslendingar þurfi ekki að kaupa hin stærri fiskiskip að miklu eða öllu leyti erlendis frá, eins og undanfarin ár.

Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir, að hún muni stuðla að framgangi þessara mála. Einn þáttur þess er, að ríkissjóður ábyrgist lán, sem taka þarf til dráttarbrauta og skipasmíðastöðva, til að auðvelda aðilum aðgang að lánsfé. Almenn heimild til ríkisábyrgðar á lánum í þessu skyni er ekki til, nema í lögum um hafnargerðir og lendingarbætur, nr. 29 23. apríl 1946, og nær sú heimild aðeins til dráttarbrauta, sem byggðar eru á vegum hlutaðeigandi hafnarsjóða, en ekki framkvæmda annarra aðila, og er frumvarp þetta flutt til þess að unnt sé að veita einnig slíkum aðilum sams konar aðstoð.